

Alþingi
Erfindi nr. P 136/1539
komudagur 12.3.2009

MINNISBLAÐ

Í framhaldi af fundi fulltrúa TR með Allsherjarnefnd Alþingis þann 11. mars 2009.

Vegna umræðu um breytingu á frádráttarákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, m.a. frádrætti á greiðslum almannatrygginga, er minnt á að ekki má gleyma þeim sem þegar hafa fengið eingreiðslu skaðabóta með frádregnum greiðslum almannatrygginga.

Árið 1996 breyttust lög um almannatryggingar á þá leið að tekjur sem hafa áhrif við útreikning bóta almannatrygginga voru skilgreindar og töldust fjármagnstekjur til tekna (þá 50% og nú 100%). Í framhaldi af því var sett inn ákvæði sem nú er 10. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga nr. 100/2007 sem segir „Við útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar, sbr. 18. og 22. gr., er ráðherra heimilt að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.“ Nánari framkvæmd var sett í reglugerð nr. 643/1996 um útreikning örorku og tekjutryggingar hjá örorkulífeyrisþegum, sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta. Ákvæðið er lítið notað enda er útreikniregla reglugerðarinnar ekki nægilega vel útfærð.

Þess skal getið að TR vinnur nú að endurskoðun umræddrar reglugerðar með félags- og tryggingamálaráðuneytinu, enda má ætla að hún þurfi að vera til staðar vegna þeirra sem nú þegar hafa fengið eingreiðslu skaðabóta með frádrætti, hvernig sem skaðabótalög verða í framtíðinni.

12. mars 2009

Ragna Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþjóða- og stjórnsýslusviðs